

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, vegtenging frá hafnarsvæði Húsavíkur að iðnaðarsvæði á Bakka.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 10. apríl 2014 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn Norðurþings þann 25. mars 2014.

Breytingin felst í breyttri legu vegar á milli hafnarinnar á Húsavík og að iðnaðarsvæðinu á Bakka. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði að hluta um jarðgöng í gegnum Húsavíkurhöfða.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 10. apríl 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 2. maí 2014